

**STJÓRNARFUNDUR Í SAL FRÍMÚRARARA, SAUÐÁRKRÓKI
PRIÐJUDAGINN 17. MARS 2009 KL 13:00.**

Priðjudaginn 17. mars 2009 kom stjórn SSNV saman til fundar í sal Frímúrarara á Sauðárkróki. Mætt voru: Gunnar Bragi Sveinsson, Elín R. Líndal, Héðinn Sigurðsson, Björn Magnússon, Páll Dagbjartsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat fundinn undir 1. lið. Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun sat fundinn undir 2. lið.

Formaður, Gunnar Bragi Sveinsson setti fund og stjórnáði.

1. SSNV –málefni fatlaðra

- a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 23. janúar 2009.** GSG kynnti einstaka liði fundargerðarinnar.
- b. **Málefni Iðju á Siglufirði.** GSG fór yfir samskipti við Félags og tryggingamálaráðuneytið varðandi húsnæðismál Iðju/dagvistar á Siglufirði „Stjórn SSNV málefni fatlaðra lýsir sig reiðubúið til að ganga til samningarviðræðna við Nöf fasteignarfélag ehf. um gerð langtímaleigusamnings fyrir húsnæði iðju / dagvistar að Aðalgötu 7, Siglufirði. Í viðræðunum verði horft til þess að húsnæðið verði leigt frá ársbyrjun 2011 ásamt því að húsnæðið verði gert upp með þarfir þjónustunnar í huga.“

Eftirfarandi bókun jafnframt samþykkt;

„SSNV málefni fatlaðra hefur fengið samþykki félags- og tryggingamálaráðuneytisins að skipt verði um húsnæði fyrir iðju/dagvist á Siglufirði og gengið verði til samningaviðræðna um langtímaleigusamning við Nöf fasteignarfélag ehf. um húsnæðið Aðalgötu 7, Siglufirði, en auglýst var eftir húsnæði til framtíðarleigu fyrr í vetur og liggur fyrir ósk frá þeim um samningarviðræður. Nú þegar liggur fyrir mat og vilji sveitarfélags og þjónustuhóps um málið. Í viðræðunum verði horft til þess að húsnæðið verði leigt frá ársbyrjun 2011 ásamt því að húsnæðið verði gert upp með þarfir þjónustunnar í huga. Samþykki ráðuneytisins fellst í tryggingu á yfirtöku leigusamnings ef til þess kemur að SSNV málefni fatlaðra segi sig frá gildandi þjónustusamningi. SSNV málefni fatlaðra lýsir sig reiðubúið að fara í þessar samningaviðræður með það í huga að leita eftir fjármagni til aukins leigukostnaðar í endurmati á samningi þegar þar að kemur. Fjallabyggð ber ábyrgð á að ekki skapist eftirmálar eða kostnaður vegna uppsagnar á núverandi húsnæði iðju/dagvist Suðurgötu 4, Siglufirði.“

2. SSNV – atvinnuþróun

- a. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa í febrúar.** Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir störf atvinnuráðgjafa í febrúar og skýrði einstaka verkefni. Umræður urðu um mikilvægi sýnileika SSNV atvinnuþróunar ofl.
- b. **Landnám Ingimundar gamla.** Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að fjárhagsuppgjöri til Landnáms Ingimundar gamla ehf vegna styrkveitinga til verkefnisins á árunum 2005 og 2006 sem hýstir hafa verið hjá SSNV atvinnuþróun, samtals um 903 þúsund krónur. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá uppgjöri í samkvæmt umræðum á fundinum.
- c. **Framlög Byggðastofnunar til atvinnuþróunarfélagana 2009.** Lagt fram til kynningar yfirlit um framlög Byggðastofnunar til atvinnuþróunarfélagana árið 2009. Framlagið til SSNV atvinnuþróunar nemur 17.043.000 kr.

d. Önnur mál

1. **Ósk um rökstuðning:** Lögð fram til ósk um rökstuðning frá umsækjenda um stöðu atvinnuráðgjafa í Austur Húnavatnssýslu. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.
3. **Endurskoðuð fjárhagsáætlun SSNV og SSNV atvinnuþróunar 2009.**

Framkvæmdastjóri lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir SSNV og SSNV atvinnuþróun fyrir árið 2009. Í endurskoðaðri áætlun er m.a gert ráð fyrir að framlög sveitarfélagana til SSNV lækki úr 200 kr. pr. Íbúa í 165 kr. pr íbúa. Einnig skerðist framlag jöfnunarsjóðs um 892 þúsund samkvæmt ákvörðun sjóðsins. Tekjusamdrætti er mætt með almennum lækkunum kostnaðarliða.

Í endurskoðaðri áætlun SSNV atvinnuþróunar er gert ráð fyrir að tekjur dragist saman um rúmar 1, 5 milljónir en gjöld dragast saman um 1,2 milljónir.

Gætt verður sérstaks aðhalds í rekstri á árinu 2009 ásamt því að horft verður sérstaklega til þess að auka sértekjur SSNV atvinnuþróunar.

Stjórn samþykkir endurskoðaða áætlun samhljóða.
4. **Ársreikningar rekstareininga SSNV fyrir árið 2008.** Lagðir fram ársreikningar rekstareininga SSNV. Stjórn samþykkir og staðfestir reikningana með undirritun.
5. **Kynningarfundur um Byggðaáætlun 2010-2013.** Lagt fram til kynningar fundarboð Byggðastofnunar um kynningu á Byggðaáætlun 2010-2013. Fundurinn verður haldinn í Félagshönnuninni á Blönduósi fimmtudaginn 26. mars kl. 16:00. Lögð fram drög að Byggðaáætlun 2010-2013. Miklar umræður urðu um drögin.
6. **Samgönguáætlun 2011-2022 – Fundir með sveitarfélögum.** Lagt fram fundarboð um samráðsfund sveitarfélagana og Samgögnuráðs um megináherslur samgönguáætlunar 2011-2022. Framkvæmdastjóra falið að taka saman upplýsingar sem sveitarfélögin og SSNV hafa talað fyrir í samgönguverkefnum á Norðurlandi vestra.
7. **Efni lagt fram til kynningar**
 - a. **Bréf sveitarfélagsins Skagafjarðar dags. 27. febrúar 2009.** Í bréfinu er kynnt vinna við breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Bréfið er til kynningar.
 - b. **Ályktun 63. Árspings KSÍ frá 14. febrúar 2009.** Lögð fram til kynningar.
 - c. **Landsráðstefna um Staðardagskrá 21 í Stykkishólmi 20.-21. mars 2009.** Lagt fram til kynningar.
8. **Frumvörp til umsagnar**
 - a. **Frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. 258. mál, EES reglur, breyting ýmissa laga.** Stjórn SSNV ítrekar fyrir umsögn og andstöðu við frumvarpið.
 - b. **Frumvarp til laga um rannsóknarnefnd til að gera úttekt á fiskveiðiheimildum, 21. mál.** Veitir ekki umsögn
 - c. **Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan gjaldmiðilsmála, 178. mál.** Veitir ekki umsögn.
9. **Önnur mál.**
 - a. **Fundur með menntamálaráðherra: JÓP og ERL sögðu greindu frá fundi með menntamálaráðherra um endurnýjun menningarsamnings þann 13. mars s.l.**
 - b. **Fundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga: JÓP og ERL greindu frá fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakana sem haldinn var í Reykjavík þann 12. mars s.l**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:30.

Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.